

Mánudaginn 3. marz 1919.

Nr. 72/1918:

Sturla Jónsson
 gegn
 Nathan & Olsen
 fyrir hönd Carl Draeger.

D ó m u r.

Mál þetta höfðaði stefndi, firmað Natan & Olsen fyrir hönd Carls Draeger í Manchester, á bæjarþingi Reykjavíkur gegn áfrýjanda, Sturlu kaupmanni Jónssyni í Reykjavík, til greiðslu á viðskiftaskuld, kr. 720,49 með 6 % ársvöxtum og málskostnaði. Með dómi bæjarþingins, uppkveðnum 23. maí f. á., urðu úrslit málsins þau, að Sturla Jónsson skyldi vera sýkn af kröfum stefnanda og málskostnaður falla niður, ef hann eftir löglegan undirbúning á varnarþingi sínu synjaði fyrir það með eiði, að hann hefði beðið um eða fengið vörur þær, er mál þetta er risið af, en ef hann ynni ekki svofelldan eið, skyldi hann greiða stefnanda kr. 720,49 með 6% ársvöxtum frá 22. jan. 1915 til greiðsudags og 50 kr. í málskostnað.

Dómi þessum hefir Sturla Jónsson skotið til yfir dómsins með stefnu dags. 7. desbr. f. á., og krafist fullrar sýknunar í málinu og málskostnað fyrir báðum dómum; en stefndi hefir af sinni hálfu krafist staðfestingar á dómnum og málskostnaðar fyrir yfir dómi eftir mati rjettarins.

Samkvæmt reikningi frá Carl Draeger í Manchester sendi hann 22. jan. 1915 áfrýjanda vörur fyrir £ 63—«—4, og þessar vörur tjáir stefndi áfrýj-

anda hafa fengið fyrir milligöngu sína (Nathan & Olsen) sem umboðsmanns Carls Draeger og borgað £ 24—17—11 af reikningsupphæðinni, en eftirstöðvarnar £ 38—2—5, eða í hjerlendum peningum kr. 720,49, lögsækir hann í þessu máli áfrýjanda til að greiða. Skýrir hann svo frá málavöxtum, að síðari hluta ársins 1914 hafi áfrýjandi fyrir milligöngu sína beðið um vörur þær, sem taldar eru á reikningnum frá Carl Draeger; hafi 3 eintök verið skrifuð af þessari vörupöntun, og áfrýjandi fengið eitt þeirra. Vörurnar hafi komið hingað með e/s Botniu 10 febr. 1915 og verið afhentar áfrýjanda, en fyrir mismarkingu hafi einn vöruböggullinn verið afhentur annari verslun hjer í bænum, en áfrýjandi hins vegar tekið við annari sendingu, sem fara átti til áminnstrar verslunar; á þeim skiftum hafi þó orðið leiðrjetting þegar í stað. Í aprilmánuði eða daginn fyrir hinn mikla bruna 25 s. m. hafi áfrýjandi sent eitthvað af vörum þessum til stefnda og látið skilja þær eftir í greinarleysi, en stefndi hafi þegar brjeflega látið hann vita, að hann tæki eigi við vörunum og lægju þær á hans ábyrgð þar sem þær voru í kjallara undir skrifstofu stefnda, en um nóttina hafi þær farist í brunanum.

Þessa skýrslu vefengir áfrýjandi í öllum aðalatriðum. Hann tjáist eigi hafa beðið um eða fengið hinar umgetnu vörur, en þær hafi átt að fara til annarar verslunar hjer í bænum, en verið mismarktar sjer og hafi sú verslun fengið vörurnar, enda neitar hann því að hafa meðtekið neina pönt-

unarskrá yfir þessar vörur. Upphæð sú £ 24—17—11, sem hann hafi greitt stefnda, hafi verið borgun út í hönd fyrir vörur, er hann hafi keyft af Lagerhája stefnda, en ekki greitt fyrir vörur frá Carl Draeger.

Skýrslu stefnda um málavexti hefir eitt vitni staðfest í öllu verulegn, og meðal annars borið það, að það hafi seint á árinu 1914 farið til áfrýjanda með sýnishorn af vörum frá Carl Draeger, er Nathan & Olsen höfðu í umboðsölu, og hafi áfrýjandi þá pantað vörur þær, sem taldar eru í fyrgreindum reikningi Carls Draeger og að áfrýjandi síðar, er hann hafi meðtekið þessar vörur, hafi beðið sig að selja nokkuð af þeim, er hann var hræddur um að ekki mundi ganga út, fyrir innkaupsverð. Áfrýjandi mótmælir þessum vitnisburði af því að vitnið sje í þjónustu stefnda, en eins og þjónustu vitnisins hjá stefnda er varið, að það er starfsmaður við verslun hans, verður það eigi talið honum svo háð, að það raski gildi vitnisburðarins. — Það er upplýst í málinu, að áfrýjandi greiddi löngu eftir að vörurnar komu, eða í maí- og júnímánuði 1915 uppskipunargjald fyrir þær og vörutoll, en það kvedst áfrýjandi hafa gert af því að svo langur dráttur hafi orðið á því, að hann tilkynnti skipsafgreiðslumanni og lögreglustjóra, að hann væri eigi rjettur viðtakandi varanna, sem væru merktar honum, og af því að vildi eigi eiga á hættu, að fyrir þessa sök yrði vörum eftirleiðis haldið fyrir honum, þangað til slík gjöld væru greidd.

Þó að eigi sje með framangreindum vitnisburði og því málsatviki að áfrýjandi greiddi fyrtilin gjöld fyrir vörurnar, fengin lögfull sönnun fyrir málstað stefnda, þá þykja vera framkomnar svo verulegar líkur fyrir því, að krafa hans eigi við rök að styðjast, að rjett sje, að láta úrslit málsins koma undir eið áfrýjanda, þannig stýlaðan, sem segir í hinum áfrýjaða dómi, og sje áfrýjandi sýkn af kröfum stefnda og falli málkostnaður fyrir undirrjetti niður, ef hann vinnur eiðinn, ella greiði hann stefnda kr. 720.49 með vöxtum og málskostnaði eins og segir í dómnum. Ber þannig að staðfesta bæjarþingsdóm-inn í öllum greinum.

Eftir þesum úrslitum er það og rjett, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 30 kr.

Því dæmist rjett vera:

Bæjarþingsdómnum skal óraskað. Áfrýjandi Sturla Jónsson greiði stefnda Nathan & Olsen fyrir hönd Carls Draeger 30 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dómi þessum skal fullnæja áður en liðnar sjeu 8 vikur frá löglegri birtingu hans, að viðlagðri lagaaðför.